



**Háskólasætur  
Vestfirðinga**  
University Centre  
of the Westfjords



Fjórðungssamband  
Vestfirðinga



BYGGÐASTOFNUN



**VESTURBYGGÐ**

**Sókn sjávarbyggða.**

**Hver er framtíðin? Koma konurnar?**

Byggðaráðstefna Íslands 2014 19.-20. september, Patreksfirði



## Sókn sjávarbyggða.

### Hver er framtíðin? Koma konurnar?

Staða og þróun byggðar um allt land hefur margvíslega hagnýta og fræðilega skírskotun til málaflokka á borð við atvinnusköpunar, auðlindanýtingar, jafnréttis kynjanna, menningar, menntunar, opinberrar þjónustu, samgangna og skipulagsmála. Þeir sem vinna að stefnumótun, rannsóknum og starfi á vettvangi hafa sértæka og oft mismunandi sýn á orsakir og afleiðingar breytinga í byggðamálum.

Byggðaráðstefnu Íslands er ætlað að vera vettvangur nýrra rannsókna, reynslu af hagnýtu starfi og umræðu um stefnumótun í sjórnsýslu og stjórnámálum. Ráðstefnan er haldin á landsbyggð til að veita þátttakendum innsýn í lífskjör heimamanna og þær áskoranir og þau tækifæri sem þeir standa frammi fyrir.

Að þessari Byggðaráðstefnu Íslands standa Byggðastofnun, Fjórðungs-samband Vestfirðinga, Háskólasetur Vestfjarða og Vesturbyggð.

Sjávarbyggðir eru ungt fyrirbæri í Íslandssögunni. Þær hafa vaxið hratt frá byrjun 20. aldar í kringum veiðar og vinnslu og vegna nálægðar við fiskimiðin, en margar eiga nú, hundrað árum seinna, í vök að verjast.

Hver er framtíð þeirra?

Að mörgu leyti merkjum við í dag breytingar í sjávarbyggðum. Sumar verða svefnbærir, aðrar byggjast upp með ferðamennsku, með nýrri stóriðju eða í kring um fiskeldi. Á stöku stað koma fram sprotafyrirtæki. Aðrar virðast að fölna.

Í alþjóðlegum rannsóknum hefur margoft komið fram að konur eru fyrstar til að flytja frá jaðarsvæðum. Eins og er virðist vera erfiðast að sannfæra konur um að flytja í sjávarbyggðir þrátt fyrir nýja sókn og uppgang á ýmsum stöðum. Ef svo er, hvaða ástæður liggja þar að baki? Er hægt að hafa áhrif á þessar ástæður? Er það ímyndarvandamál sem sjávarbyggðir glíma við?

Á dagskrá eru 25 áhugaverð erindi frá fræðimönnum, stefnumótendum og þeim sem vinna á vettvangi um stöðu og þróun byggðar og eru ágripin að finna í þessum bæklingi í stafrofsröð.

## Albertína Friðbjörg Elíasdóttir

### Staðartengsl og staðarvitund – staðarrannsóknir á Íslandi

Fjöldi rannsókna hefur verið gerður á orsökum mikilla búferlaflutninga til suðvesturhornsins. Þessar rannsóknir hafa sýnt að fólk sækist eftir ákveðnum búsetuskilyrðum sem það telur sig finna á höfuðborgarsvæðinu. Lítið hefur hins vegar verið rannsakað af hverju fólk flytur ekki frá smærri byggðum og sömuleiðis af hverju fólk flytur til byggðarlaga utan suðvesturhornsins.

Markmið rannsóknarinnar er að rannsaka einmitt þessa þætti með því að skoða staðartengsl og staðarsjálfsemd meðal núverandi og fyrrverandi íbúa á Ísafirði. Ísafjörður varð fyrir valinu meðal annars vegna langrar búsetusögu staðarins og vegna persónulegra tengsla höfundar við staðinn.

Fyrst og fremst er byggt á erlendum rannsóknum og kenningum. Þessar kenningar hafa ekki verið notaðar áður við rannsóknir á byggðaþróun á Íslandi. Rannsóknaraðferðin var eigindleg og byggir á viðtölum og myndum frá þrettán einstaklingum sem eru búsettir eða hafa verið búsettir á Ísafirði. Viðmælendum var ennfremur skipt upp í hópa eftir því hvort þeir væru fæddir og uppaldir á Ísafirði eða aðfluttir.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að viðmælendur hafa fremur svipuð staðartengsl en hins vegar er staðarsjálfsemd sterkari meðal heimamanna og brottfluttra en aðfluttra. Nokkur munur er á við hvað viðmælendur tengja sig þar sem heimamenn eru líklegri til að tengja sig við náttúruna á meðan aðfluttir eru líklegri til að tengja sig við samfélagið. Niðurstöðurnar sýna að íbúar mynda sterk tengsl við Ísafjörð. Rannsóknin veitir innsýn í nýja tegund búseturannsókna á Íslandi og veitir dýpri innsýn í upplifun íbúa í litlum bæ af tengslum sínum við staðinn en fyrri rannsóknir á Íslandi hafa gert.

### Höfundur

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, verkefnastjóri atvinnumála  
Akureyrarstofa

albertina@akureyri.is  
www.visitakureyri.is

## Björn Þórláksson

### Brostnir eldveggir – brotið lýðræði?

Eitt meginhlutverk fjölmiðla er að veita valdi aðhald og spyrja gagnrýnina spurninga. Oft er þetta aðhaldshlutverk kallað varðhundshlutverkið. Fjölmiðlar þykja mikilvægur öryggisventill í lýðræðissamfélögum og hefur verið vísað til fjölmiðla sem fjórða valdsins. Aukin krafa um sjálfstæði og aðhald fjölmiðla kom fram á Íslandi í Rannsóknarskýrslu Alþingis á sama tíma og ytri skilyrði til fjölmiðlarekstrar versnuðu eftir efnahagskreppuna árið 2008. Fækkað hefur í stétt blaðamanna og ekki síst í dreifðari byggðum. Tekjuöflun fréttamiðla veltur að mestu á auglýsingum. Áskrifendum hefðbundinna fjölmiðla fækkar, blaðamennska færir í ríkari mæli yfir í netheima þar sem áhersla á að fréttir selji vel hefur farið vaxandi.

Í rannsókn sem gerð var 2013-2014 var skoðað hvernig héraðsfréttablöð á Íslandi hafi brugðist við opinberu ákalli um mikilvægi sjálfstæðrar og gagnrýninnar fréttamennsku. Niðurstaðan styður við fyrri rannsóknir, að vegna nálægðarvanda og efnahagsskilyrða kjósi blaðamenn í dreifðri byggð enn að leggja mesta áherslu á að binda eigið nærsamfélag saman, það sem kallað er samfélagssmiðshlutverk í ritgerðinni. Lítil áhersla sé á aðhald gegn valdhöfum. Ritstjórar héraðsfréttablaða beiti sjálfsritskoðun. Rof hafi orðið á eldveggjum milli ritstjórna og auglýsingadeilda sem vekur spurningu um jafningjalýðræði. Ekki verður séð að brugðist hafi verið við Rannsóknarskýrslu Alþingis.

### Höfundur

Björn Þórláksson, ritstjóri hjá Akureyri Vikublaði  
Akureyri Vikublað

[bjorn@akureyrivikublad.is](mailto:bjorn@akureyrivikublad.is)  
[www.akureyrivikublad.is](http://www.akureyrivikublad.is)

## Edward H. Huijbens

### Ferðapjónusta, ylrækt og viðhald landsbyggðana

Erindið byggir á verufræðilegri einhyggju og sérstaklega kenningum síðformgerðarhyggju til skilnings á íslenskri ferðapjónustu og auðlindum hennar; náttúru, landslagi og dreifðum byggðum með fjölbreyttan menningararf. Markaðssetning í ferðapjónustu skapar seljanlega vöru úr náttúru og menningu Íslands; vöru upplifunar sem höfða skal til þrjár væntanlegra neytenda, sem á sama tíma eru gerendur og skapendur eigin upplifana. Þegar merking er toguð úr því sem kalla má óræðri mergð íslenskrar náttúru og menningar með þessum hætti getur það haft neikvæðar afleiðingar og bjagað skilning okkar á auðlindum ferðapjónustu. Hér verður lögð áhersla á hvernig bregðast megi við með því að horfa á ferðapjónustu sem ylrækt ótal sprota sem skapa þarf réttar aðstæður til að þrífist.

Erindið mun byrja á að fara yfir nokkrar helstu staðreyndir íslenskrar ferðapjónustu og hvernig hægt er að þýða þær yfir landbyggðirnar. Því næst mun erindið varpa upp helstu áskorunum sem dreifðar byggðir glíma við þegar kemur að uppbyggingu ferðapjónustu. Að síðustu mun erindið fjalla um hvernig hægt er að skilja ferðamennsku og ferðapjónustu þannig að hún vaxi í takti við þarfir og getu samfélaga í dreifðum byggðum. Þar kemur til kasta þeirrar verufræði sem erindið mun einnig kynna. Markmiðið er að leggja grunn að nýrri hugsun sem færir ferðapjónustu úr hugarheimi vertíðarvinnu, afla og tekna í heim ylrækt og aðhlyningar til framtíðar á forsendum byggða landsins.

#### Höfundur

Dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður/prófessor  
Rannsóknamiðstöð ferðamála/Háskólinn á Akureyri

[edward@unak.is](mailto:edward@unak.is)

[www.unak.is](http://www.unak.is)

## Einar Jónsson

### Verkfæri til stefnumótunar ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og byggðapróun

Breytingar hafa orðið í skipulagsmálum á síðustu árum og áratugum sem m.a. má rekja til innleiðingar á skipulags- og byggingarlögum árið 1997 (nr. 73/1997), skipulagslögum árið 2010 (nr. 123/2010) og lögum um umhverfismat áætlana 2006 (nr. 105/2006). Auk hefðbundins skipulagsuppdráttar um landnotkun í aðal- og svæðisskipulagi leggja sveitarstjórnir aukna áherslu á þann þátt skipulagsgerðarinnar sem felst í að setja fram „strategíska“ stefnu og áætlun um þróun byggðar og landnotkunar í sveitarfélaginu. Á sama tíma hefur orðið ör þróun í stefnumótun ríkisins og verið settar fram margar áætlanir sem marka með einum eða öðrum hætti stefnu um landnotkun og byggðapróun. Í erindinu verður fjallað um þessi skipulagsverkfæri og þau tækifæri sem felast í samræmingu á stefnumörkun ríkis og sveitarfélaga í gegnum landsskipulagsstefnu. Nefnd verða dæmi um hvernig skipulagsáætlunum hefur verið beitt til að styrkja ímynd svæða og draga fram sérstöðu sveitarfélaga eða svæða. Einnig verður velt upp hvernig hægt er að beita þessum verkfærum til að auka seiglu eða þanþol (e. resilience) samfélaga m.a. með tilliti til félagslegra breytinga.

## Höfundur

Einar Jónsson, verkefnastjóri landsskipulags  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency

[einar@skipulagsstofnun.is](mailto:einar@skipulagsstofnun.is)

[www.skipulagsstofnun.is](http://www.skipulagsstofnun.is)

## Elísabet Gunnarsdóttir

### Upp með hendur! Peningana eða lífið?

„Ekkert stenst væntingar í þessu lífi, er það? Nema, auðvitað, að þú skapir það sjálfur.“ - Janice Kerbel listakona.

Erindið mun fjalla um hvernig virkja má skapandi greinar til að skilgreina og bæta sjálfsmynd samfélags og kanna jafnframt ný sóknarfæri. Sagt verður frá því hvernig aðferðafræði skapandi greina getur hjálpað til við að endurnýja slagkraftinn í mismunandi samfélögum, bæði smáum og stórum, og hvaða atriði það eru sem geta aukið trú á möguleika viðkomandi samfélags til framtíðar. Talað verður um mikilvægi þess að vinna þvert á ólíkar greinar og margfeldisáhrif þess þegar hefðbundnar aðferðir eru stokkaðar upp og þægindarammanum þokað til. Tekin verða nokkur dæmi um verkefni í sjávarbyggðum við norðanvert Atlantshafið.

Titill erindisins er óbein tilvísun í verkið Bank Job (1999) eftir Janice Kerbel þar sem hún setur fram handbók byggða á ítarlegum rannsóknum á aðferðarfræðinni við að ræna banka.

### Höfundur

Elísabet Gunnarsdóttir, arkitekt  
Kol & salt ehf.

[elisabet.gunnarsdottir@yahoo.com](mailto:elisabet.gunnarsdottir@yahoo.com)



**Guðjón Arnar Kristjánsson o.fl.**

**Byggðastefnan – hvert stefnum við?**

Í þessu erindi er kynnt tilurð, leiðarljós og afrakstur stefnumótunarvinnu, sem félagasamtökin Landsbyggðin lífi hafa unnið undir heitinu Byggðastefna. Þessi byggðastefna hefur því ekki verið unnin í ráðuneytum og fagnefndum, heldur af fólki sem hefur áhuga á byggðamálum. Hún tekur til alls landsins og hefur að leiðarljósi að móta heildstæða stefnu um land og nýtingu lands.

Aðferðir við vinnslu grasrótabyggðastefnu eru ekki síður áhugaverðar en niðurstöðurnar, en niðurstöðunum þessarar vinnu er ætlað að vera innlegg í umræðu um sjálfbæra nýtingu alls landsins.

Flutningsmaður byggðastefnunnar er Guðjón Arnar Kristjánsson, en stefnan hefur verið unnin í aðildarfélögum um land allt.

## **Höfundar**

Félagar í samtökunum Landsbyggðin lífi

Flytjandi: Guðjón Arnar Kristjánsson, varaformaður

landlif@landlif.is

www.landlif.is

## Héðinn Unnsteinsson

### Framtíð stefnumótunar og áætlanagerðar hins opinbera – möguleg áhrif á byggðaþróun

Vorið 2014 mælti fjármála- og efnahagsráðherra fyrir frumvarpi til laga um opinber fjármál. Frumvarpið felur í sér heildarlöggjöf um fjármál ríkis og sveitarfélaga þar sem áhersla er lögð á langtímastefnumörkun opinberra fjármála, aukinn aga við framkvæmd fjárlaga og markviss tengsl almannaþjóf við stefnur og áætlanir.

Árið 2012 var gerð greining á helstu stefnum og áætlunum ríkisins. Ein af meginniðurstöðum var að stefnur og áætlanir þyrftu að vera fjármagnaðar svo að þær næðu markmiðum sínum og kæmu til framkvæmda. Með frumvarpi um opinber fjármál yrði stigið stórt skref í þá átt að tryggja þetta. Greiningin leiddi einnig í ljós að stefnur og áætlanir ríkisins segja hvað þær ætla að gera en leiða í fæstum tilfellum til framkvæmda. Þá reyndist samhæfingu þeirra vera ábótavant, þær of margar, framkvæmda- og ábyrgðaraðilar aðgerða ekki ávallt skilgreindir auk þess sem sjaldan voru settir fram hlutlægir árangursmælikvarðar.

Í erindinu verður leitast við að draga upp mögulega framtíðarsýn hvað viðlítur stefnumótun og áætlanagerð ríkisins og hvernig þær breytingar sem virðast framundan geta haft áhrif á byggðaþróun.

## Höfundur

Héðinn Unnsteinsson, stefnumótunarsérfræðingur  
Forsætisráðuneytið

hedinn.unnsteinsson@for.is  
www.raduneyti.is.is

## Hjalti Jóhannesson

### **Bera Vaðlaheiðargöng framtíðina í skauti sér? Samfélagsáhrif og stærra atvinnusóknarsvæði**

Áætlað er að Vaðlaheiðargöng verði opnuð fyrir umferð í árslok 2016. Arðsemi þeirra hefur verið rannsökuð þar sem farið var í framkvæmdina á grundvelli þess að arðsemin dygði til að um einkaframkvæmd gæti orðið að ræða en samfélagsáhrif hafa lítið verið skoðuð til þessa. Samgöngubætur á borð við Vaðlaheiðargöng valda samfélagsáhrifum sem eru mismunandi eftir stærð þéttbýlis, þjóðfélagshópum, tegundum þjónustu, eðli atvinnustarfsemi, fjarlægð frá samgöngumannvirki og fleira. RHA hefur fengið styrk til að hefja rannsókn sem beinist að því að greina hvernig samfélagsbreytingar eiga sér stað í tilviki Vaðlaheiðarganga. Fyrsti hluti rannsóknarinnar er viðhorfskönnun meðal íbúa á Norðurlandi eystra til að greina stöðu samgangna og samfélagslegra þátta haustið 2014. Síðar má bera breytingar eftir opnun ganganna saman við þá stöðugreiningu. Vaðlaheiðin er þröskuldur sem mótað hefur stjórnslu, þjónustu og atvinnusókn á Norðurlandi eystra að ýmsu leyti um langan tíma. Meðal þeirra atriða sem áhugi rannsakenda beinist að er mismunandi notkun kynjanna á þessum samgöngubótum til atvinnusóknar. Mestu breytingar á atvinnusóknarsvæði verða í sveitunum austan Vaðlaheiðar þar sem atvinnulíf einkennist af landbúnaði. Verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig karlar og konur nýta sér þau tækifæri sem felast í því að verða með göngunum hluti af stærsta og fjölbreyttasta vinnumarkaði landsbyggðarinnar.

#### **Höfundur**

Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur RHA  
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri

hjalti@unak.is  
www.rha.is

## Hrafnkell Á. Proppé

### Á útkíkki – Byggðaáætlun í alþjóðlegu samhengi

Allt bendir til þess að sú mikla mannfjöldaaukning sem hefur varað alla síðustu öld nái brátt jafnvægi. Gangi það eftir verður ekki fjölgun á landinu öllu nema að innflytjendum fjölgi umfram þá sem flytja frá landinu.

Fólk um allan heim flykkist til borga. Sú þróun hefur einnig verið hér á landi og er drifkrafturinn á bak við vöxt höfuðborgarsvæðisins, eina borgarsvæðisins á Íslandi. Í nýrri samantekt SSH kemur fram að mikill lýðfræðilegur munur er á borgarsvæðum og landsbyggðum í nágrannalöndum okkar, þar sem hlutfallslega fleiri á aldrinum 25-40 ára búa í borgum. Sjá má vísi af þessari þróun hér á landi.

Til að auka samkeppnishæfni Evrópu er lögð aukin áhersla á mikilvægi borga í byggðaáætlun ESB. Hér á landi er lítið horft til hlutverks höfuðborgarsvæðisins til að styrkja samkeppnishæfni landsins alls. Þegar lítið er til samanburðar á framleiðslu og lífskjörum kemur höfuðborgarsvæðið mun verr út í samanburði við önnur borgarsvæði en samanburður milli Íslands og annarra ríkja.

Það er nauðsynlegt fyrir landið allt að byggðaáætlun miði að því að hér sé eftirsóknarvert borgarsvæði í alþjóðlegu tilliti. Annars er hættu á að framtíðin komi ekki og hvað þá konurnar. Ekki bara á Raufarhöfn, Þingeyri eða Breiðdalsvík heldur á landinu öllu - enda er landið allt einangruð sjávarbyggð í alþjóðlegu samhengi.

## Höfundur

Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagstjóri höfuðborgarsvæðisins  
Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

hrafnkell@ssh.is  
www.ssh.is

## Jennifer Smith

### **Where Are All The Fish? A Political Ecology Analysis of Local Fish Networks and the Gift Economy in the Westfjords of Iceland**

Local Food Networks (LFN) are re-emerging throughout the industrialized world as a means of counteracting negative effects of the industrialized food system and helping communities increase control over food supply. This thesis aimed to determine the ways in which local networks for fish are already in existence in Westfjords fishing communities and the benefits that could result from expanded retail access to local fish. A fish consumption survey, distributed in Patreksfjörður and Ísafjörður, was used to investigate local residents' fish consumption habits and preferences, as well as their overall satisfaction with access to fresh fish and cultural identification with fish consumption.

Results indicate that preference for local fish sources and cultural linkages to fish consumption remain high among residents. Fish consumption is largely embedded within a gift network reliant on personal connections to the fishing industry. Individuals lacking personal connections and access to the commercial outlets (i.e., specialized fish shops) must source their fish from the large-scale structures designed for the globalized food system. The role of the specialized fish shop is to fill gaps left by the weaknesses of and inequalities produced by fish gifting practices. Coastal communities benefit from the expanded access to local fish offered by such small-scale commercial outlets.

## Höfundur

Jennifer Grace Smith, Master of Resource Management  
Háskólasetri Vestfjarða

[jennifergracesmith@gmail.com](mailto:jennifergracesmith@gmail.com)

[http://uw.is/masters\\_program/2012-2013/](http://uw.is/masters_program/2012-2013/)

## Magnfríður Júlíusdóttir

### „Hreppaflutningar“ og byggðapróun

### Spáð í orðræðu og áhrif flutnings fiskvinnslu og stofnana

Á síðustu mánuðum hafa tvær tilkynningar um flutning starfsemi á milli landshluta kynnt undir byggðapróunarumræðu í fjölmiðlum. Sú fyrri boðaði flutning fiskvinnslu frá þremur sjávarbyggðum: Þingeyri, Húsavík og Djúpavogi, til Grindavíkur, en sú seinni flutning opinberrar stofnunar frá Reykjavík til Akureyrar. Í erindinu eru greind meginþemu fjölmiðlaumfjöllunar um ofangreind áform um flutning starfa á milli landshluta og leitast við að skýra mun á áherslum og umfangi. Eru hugmyndir um hagræðingu, með samþjöppun veiða, vinnslu og þjónustu búnar að ýta smærri sjávarbyggðum af framtíðarkorti annarra en ferðamanna? Hafa hugmyndir um mun á einkennum starfsfólks í fiskvinnslu á landsbyggðinni og í sérhæfðum stofnunum á höfuðborgarsvæðinu áhrif á framsetningu á staðarfesti og hreyfanleika? Hér er einkum vísað til skörunar þjóðernis og starfsstéttar í framsetningu fjölmiðla, en lítið er vikið að öðrum einkennum eins og kyni og aldri. Rýnt verður nánar í hverjir það eru sem boðið var að flytja búferlum með vinnustaðnum og spáð sérstaklega í stöðuna á Þingeyri. Hvaða konur og karlar vinna þar við fiskvinnslu og hvaða framtíð blasir við þeim og staðnum ef fiskvinnsla leggst af?

## Höfundur

Magnfríður Júlíusdóttir, lektor í landfræði  
Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands

[mj@hi.is](mailto:mj@hi.is)

[www.hi.is, http://starfsfolk.hi.is/simaskra/392](http://starfsfolk.hi.is/simaskra/392)

## **Margrét Brynjólfsdóttir o.fl.**

### **Að eldast í heimabyggð. Viðhorf eldri kvenna til búsetu og þjónustu á sunnanverðum Vestfjörðum**

Upplýsingum um þjónustu við aldraða og viðhorf þeirra til þjónustu er ábótavant á Íslandi, einkum á landsbyggðinni. Ef öldrunarþjónusta á að mæta þörfum þessa aldurshóps er nauðsynlegt að hún byggi á vitneskju um það hvernig aldraðir hafa það heima hjá sér og hvernig þjónustu þeir vilja. Á sunnanverðum Vestfjörðum liggja upplýsingar um þessa þætti ekki fyrir en staða og þróun byggðar á þessu svæði hlýtur að velta að hluta til á þeirri þjónustu sem er í boði.

Verkefnið er hluti af meginlegri meistaranannsókn á líkamlegu ástandi, þátttöku, umhverfi og þjónustu við eldri borgara á sunnanverðum Vestfjörðum. Öllum íbúum svæðisins, sem voru 65 ára eða eldri og bjuggu heima á árinu 2013, var boðið að taka þátt. Svarhlutfallið var 80,1% og var rúmlega helmingur þátttakenda konur. Þátttakendur (N = 129) voru heimsóttir og gagna var aflað með viðtali og stöðluðum spurningalistum. Spurt var um notkun og viðhorf til heilbrigðis- og félagsþjónustu. Auk þess var margvíslegra upplýsinga aflað um heilsu, færni og viðhorf eldri borgara til búsetu á rannsóknarsvæðinu og samgangna.

Í erindinu verða kynntar helstu niðurstöður úr rannsókninni með áherslu á viðhorf þeirra kvenna sem tóku þátt.

## **Höfundar**

Margrét Brynjólfsdóttir sjúkraþjálfari, íþróttافرæðingur og meistaranemi á Heilbrigðisvísindasviði við Háskólann á Akureyri  
maggabr@gmail.com, www.unak.is

Guðrún Pálmadóttir dósent, iðjuþjálfunarfræðideild, heilbrigðisvísindasvið, Háskólinn á Akureyri  
gudrunp@unak.is, www.unak.is

Sólveig Ása Árnadóttir, sjúkraþjálfari PhD, dósent við námsbraut í sjúkraþjálfun,  
Læknadeild, Heilbrigðisvísindasviði, Háskóla Íslands  
saa@hi.is, www.hi.is

**Mariann Villa**

**Local community development – the case of school policy in rural Norway**

The paper explores local communities' struggle for their institutions and what is experienced as a contested right to existence, exemplified by local schools and their role in the community. Through a study of the argumentation for local schools, we see how schools on the one side are experienced as arenas for social life, socialization and comprehensiveness, identity and self-respect. On the other side, the arguments are intertwined with or related to the perception of a default rural or regional policy, and an established presentation and representation of the small rural community within a centrum – periphery dimension. The data is part of a research project initiated and financed by Centre for Rural Research, Trondheim, and consist of seven group interviews conducted in November 2013-June 2014, representing respectively teachers and local population in four rural communities in Mid- and Northern Norway.

**Höfundur**

Mariann Villa, forskningsleder

Norsk Senter for bygdeforskning (Centre for Rural Research, Norway)

[mariann.villa@bygdeforskning.no](mailto:mariann.villa@bygdeforskning.no)

[www.bygdeforskning.no](http://www.bygdeforskning.no)



**Matthias Kokorsch o.fl.**

## **Fisheries management: What do the stakeholders think?**

‘Adaptive co-management’ has become a keyword in discussions about natural resource management, in tandem with increased emphasis on decentralised governance and bottom-up approaches. Such approaches are seen as more conducive to regional development goals than conventional methods for resource governance. In this presentation, the results of a survey of attitudes towards fisheries management among stakeholders in Icelandic fisheries will be discussed. The survey was part of the EU research project *EcoFishMan*. The results indicate that even if stakeholders identify various problems with the Icelandic ITQ system, they still think it is the most suitable way to manage the fisheries. Most respondents think that the ITQ system does safeguard the fish stocks, but more doubts are expressed about the social aspects of fisheries management, including its impacts on regional development. The transferability of quotas is much criticized, but, as could be expected, significant differences are present between quota holders and other stakeholders. The financial barriers facing potential new entrants into fishing are considered a problem. More consultation with fishermen is also called for. Addressing these concerns is essential if the Icelandic fisheries management system is to be rethought along the lines of adaptive co-management.

### **Höfundar**

Matthias Kokorsch, meistaranemi í líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands  
mak31@hi.is, www.hi.is

Anna Karlsdóttir, lektor í mannvistarlandfræði og ferðamálafræði  
Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands  
[annakar@hi.is](mailto:annakar@hi.is), www.hi.is

Karl Benediktsson, prófessor í mannvistarlandfræði  
Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands  
[kben@hi.is](mailto:kben@hi.is), www.hi.is

## **Râna Campbell**

### **Layering identities: what we can learn about people and society from cultural representation in rural areas**

The present paper is based on a more detailed study undertaken during the course of my master's thesis research toward a degree in Coastal and Marine Management at the University Center of the Westfjords in Ísafjörður. My thesis is entitled Beyond Representation: Maritime Heritage as a Vessel for Engaging with Ethics in the Westfjords of Iceland. It examines, primarily, issues surrounding cultural representation in the context of two maritime heritage museums in the Westfjords, with some discussion of how these issues connect to tourism. I conducted qualitative case studies of the Westfjords Heritage Museum in Ísafjörður and the Sea Monster Museum in Bíldudalur in order to produce descriptions of the meaning that local communities attribute to the kinds of maritime heritage represented by these museums; and to determine what values they associate with the museums as cultural institutions. Additionally, I hosted a focus group among Westfjords residents to discuss notions of cultural heritage in greater depth. I analyzed my findings in light of currently changing conceptions of museums related to cultural policies that emphasize regional development through tourism, drawing on the available Icelandic literature on these issues. I concluded with a theoretical reading of these findings to identify instances of practical ethics, or ethical shortcomings, in cultural museology. The present paper outlines the results of my research but aims mainly to highlight those findings related to the social dynamics and problems of Westfjords fishing communities, viewed through the lens of cultural heritage, and to present these for discussion with reference to the themes of the 2014 Icelandic Regional Development Conference held in Patreksfjörður.

## **Höfundur**

Râna Campbell, Master of Resource Management  
Háskólasetri Vestfjarða

rana12@uwestfjords.is

[http://uw.is/masters\\_program/2012-2013/](http://uw.is/masters_program/2012-2013/)

## **Sigurborg Kr. Hannesdóttir**

### **Tregða til að breytast í síbreytilegum heimi. Tilvistarkreppa sjávarþorpa?**

Hvers vegna eru lítil sjávarþorp ekki kjörlendi fyrir framsækna, skapandi konur sem vilja blómstra? Við því eru engin einhlít eða einföld svör, en í erindinu verður gerð tilraun til að varpa ljósi á ýmsa áhrifaþætti. Sem dæmi má nefna viðhorf til nýrra strauma, áhrif fámennis á þjónustu og félagsskap og karllæg viðhorf og karllæga stjórnun. Fjallað verður um samfélagsvitund og hæfni samfélags til að styðja við frumkvöðla. Færð verða rök fyrir því að samfélag geti styrkt sig innan frá og unnið meðvitað með eigin viðhorf, með því að styrkja samræðuhefðina. Nefnd verða hvetjandi dæmi um, hvernig konur sem vilja hasla sér völl í fámennu samfélagi, geta tekið málin í eigin hendur. Sömuleiðis verður nokkrum góðum hugmyndum lætt að körlum í fámennum samfélögum, um hvernig þeir geta haldið í konurnar. Inn í erindið fléttast persónulegar reynslusögur fyrirlesara, sem búið hefur úti á landi stærstan hluta ævinnar. Borin verða saman „trend“ í sjávarbyggðum og stærri „trend“ í síbreytilegum heimi og skoðað hvernig þetta tvennt mætist og hvaða eiginleikar geta styrkt stöðu sjávarbyggða sem vilja taka fagnandi á móti framtíðinni.

## **Höfundur**

Sigurborg Kr. Hannesdóttir, ráðgjafi í þátttöku almennings  
ILDI ehf

sigurborg@ildi.is  
www.ildi.is

## **Sigurður Árnason**

### **Er ekki allt í lagi í landsbyggðunum – lýðfræðileg þróun í nokkrum landsbyggðum**

Það er kunnara en frá þurfi að segja að lýðfræðileg þróun hefur verið ákaflega mismunandi eftir landshlutum á Íslandi en þannig hefur það líka verið innan einstakra landshluta. Á meðan íbúafjöldi landsins fjórfaldaðist á síðustu rúmlega 100 árum 25-faldaðist íbúafjöldi höfuðborgarsvæðisins. Á sama tíma fjölgaði íbúum á landsbyggðunum utan helsta áhrifasvæði höfuðborgarinnar um tæplega fjórðung. Ef horft er til einstakra svæða þá hefur dreifbýlið alls staðar verulega látið undan síga á meðan það fjölgaði mikið í sjávarbyggðunum fram eftir nær allri 20. öldinni.

En heildarfjöldi íbúa á ákveðnum svæðum og í ákveðnum byggðum segir ekki nema hluta sögunnar. Fyrir framtíð byggðanna skiptir samsetning íbúanna eftir aldri og kyni ekki minna máli. Rýnt verður í stöðuna í völdum byggðum og því velt upp hvort lýðfræðileg samsetning íbúanna geti verið hamlandi þáttur varðandi framtíð og hugsanlega sókn sjávarbyggðanna. Eru til byggðir þar sem kynjahalli og óhagstæð aldursamsetning íbúa kemur í veg fyrir að byggðin geti dafnað?

## **Höfundur**

Sigurður Árnason, sérfræðingur á þróunarsviði byggðastofnunar  
Byggðastofnun

sigurdur@byggdastofnun.is  
www byggdastofnun.is

## Sonja Stelly Gústafsdóttir o.fl.

### Viðhorf íbúa Fjallabyggðar til heilbrigðisþjónustu

**Tilgangur.** Miklar samfélagsbreytingar hafa orðið á síðustu árum við sameiningu Ólafs- og Siglufjarðar í sveitarfélagið Fjallabyggð auk niðurskurðar og hagræðingar innan opinberrar þjónustu eins og heilbrigðisþjónustu. Rannsóknarspurning var: „*Hver er ánægja íbúa Fjallabyggðar með aðgengi, fjölbreytileika og gæði heilbrigðisþjónustu í Fjallabyggð á árunum 2009 og 2012*“.

**Aðferð.** Blönduð rannsóknaraðferð sem byggðist á tveimur spurningalista-könnunum og 11 viðtölum alls við sex einstaklinga á árunum 2009 og 2012. Árið 2009 svöruðu 732 íbúar Ólafs- og Siglufjarðar spurningalistakönnun og árið 2012 tóku 416 þátt. Viðtölin voru greind með innihaldsgreiningu.

**Niðurstöður.** Sterkar vísbendingar eru um að íbúar Ólafs- og Siglufjarðar séu almennt ánægðir með heilbrigðisþjónustuna. Stigsmunur er á hversu ánægðir íbúar staðanna eru. Breytingar mældust milli ára þar sem marktækur munur er á ánægju með aðgengi að heilbrigðisþjónustunni og fjölbreytileika. Niðurstöður greininga viðtala sýndu að grunnþjónustan skiptir íbúa miklu og er talin forsenda byggðar. Mikilvægi þess að hafa val um hvert þjónusta er sótt kom fram auk þess sem viðmót heilbrigðisstarfsmanna hefur áhrif á hvort íbúar upplifa sig örugga.

**Ályktun.** Mikilvægt er að meta áhrif niðurskurðar og hagræðingar auk þeirra samfélagsbreytinga sem verða við miklar samgöngubætur. Til að ná heildarmynd er nauðsynlegt að skoða sem flesta þætti. Íbúarnir sjálfir mega ekki gleymast í umræðunni.

### Höfundar

Sonja Stelly Gústafsdóttir, aðjúntkt við heilbrigðisvísindasvið HA  
sonjag@unak.is, www.unak.is

Kristjana Fenger, lektor við heilbrigðisvísindasvið HA  
kfenger@unak.is, www.unak.is

Sigríður Halldórsdóttir, prófessor og deildarformaður framhaldsnámsdeildar heilbrigðisvísindasviðs HA  
sigridur@unak.is, www.unak.is

Þóroddur Bjarnason, prófessor við félagsvísindadeild HA  
[thoroddur@unak.is](mailto:thoroddur@unak.is), www.unak.is

## **Tor Arne Gjertsen**

### **Look to Gamvik: Local mobilization for control of fish resources and community fishing quotas**

Drawing upon research in Gamvik, Norway, Tor Gjertsen discusses how one resource dependent community has been successful in dealing with social and economic crises by mobilizing its social and political assets. By exploring the influence of municipal leadership and mobilization of civil society groups, Tor demonstrates how broad participation through the voluntary sector can help communities prepare to withstand new social and economic crises.

## **Höfundur**

Tor Arne Gjertsen, Ph.D., Associate Professor, local and regional development  
Finnmark Faculty, UiT The Arctic University of Norway, Alta

tor-arne.gjertsen@uit.no  
www.uit.no

**Vífill Karlsson**

## **Búferlaflutningar, samgöngubætur og rokgirni kvenna?**

Þessi rannsókn metur samband búferlaflutninga og samgöngubóta. Nánar tiltekið: Munu samgöngubætur á milli stórra þjónustukjarna og dreifbýlis breyta búferlaflutningum dreifbýlisins til hins betra? Landfræðilegur breytileiki ýmissa gæða drífur búferlaflutninga. Þess vegna er ástæða til að ætla samgöngubætur sem auka aðgengi fólks í dreifbýli að borgum og öðrum þjónustukjörnum hafi jákvæð áhrif á búsetuþróun í dreifbýli. Kannað verður hvort þessi tilgáta sé sönn fyrir Ísland: Stórt dreifbýlt land. Um er að ræða makró panel gögn frá Íslandi. Þau ná yfir 79 sveitarfélög á tímabilinu 1986-2006. Í rannsókninni verður horft sérstaklega til þess hvort það sé munur á milli kvenna og karla í þessu samhengi

### **Höfundur**

Vífill Karlsson, hagfræðingur, dósent og ráðgjafi  
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

vifill@ssv.is

www.ssv.is, www.vifill.vesturland.is

## Vífill Karlsson

### Samband kynjahlutfalls og húsnæðisverðs

Kynjahlutfall er fjöldi kvenna deilt með fjölda karla. Það getur verið ákaflega misjafn frá einu samfélagi til annars. Búferlaflutningar hafa sett sitt mark á þá þróun, en konur hafa alla jafna verið fleiri heldur karlar á meðal brottfluttra (Greenwood & Hunt, 2003). Af þeim sökum hefur sú spurning vaknað hvort þetta hafi íþyngt slíkum byggðalögðum eða öðrum þar sem konur hafa verið í minnihluta. Það kann að vera þar sem ýmsar rannsóknir benda til að konur hafi ýmsa æskilega eiginleika í ríkara mæli heldur en karlar, eins og heiðarleika, samstarfsvilja og félagslega ábyrgð. Félagslegt mikilvægi þeirra kann því að vera mikið. Samband kynjahlutfalls og húsnæðisverðs er skoðað í þessari rannsókn. Færð eru rök fyrir því að þetta samband endurspegli félagslegt mikilvægi kvenna. Samkvæmt kenningum um “bid-rent” kúrfuna endurspeglar landfræðilegur breytileiki fasteignaverðs virði staðsetningar til búsetu. Stuðst er við þessar kenningar og aðferðir í þessari rannsókn. Lýðfræðilegir þættir hafa verið greindir með þessum hætti áður (Case & Mayer, 1996; Kiel & Zabel, 1996). Áhrif kynjahlutfalls á virði staðsetningar hefur hinsvegar aldrei verið metið og túlkað með þeim hætti sem hér er gert fyrir. Í þessari rannsókn verður gerð tilraun til þess að meta hvort þessi áhrif eru til staðar á Íslandi. Greiningin skiptist í tvo hluta: Fyrri hlutinn einkorðast við dreifbýli á Íslandi, en þar hefur konum fækkað meira en körlum. Í þessum hluta verður einnig gerð tilraun til að varpa ljósi á hvort áhrif kynjahlutfalls á fasteignaverð hafi vaxið eða dvínað. Í seinni hlutanum verður tilraunin endurtekin fyrir landið allt. Stuðst verður við “macro” panel gögn og aðferð samfelldra fervika. Gögnin ná yfir ýmsa lykiláhrifaþætti fasteignaverðs ásamt kynjahlutfalli 19 landsvæða á tímabilinu 1981-2004. Í rannsókninni var sýnt fram á marktækt jákvætt samband á milli kynjahlutfalls og íbúðaverðs á Íslandi, að öllu öðru óbreyttu.

### Höfundur

Vífill Karlsson, hagfræðingur, dósent og ráðgjafi  
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

vifill@ssv.is

www.ssv.is, www.vifill.vesturland.is



**Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir, MA í kynjafræði**  
**Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði**  
**Konur og karlar og atvinnusköpun í dreifbýli**

Í erindinu verður rakin stefna stjórnvalda í atvinnusköpun í dreifbýli og hvernig hún horfir við konum og körlum á landsbyggðinni. Síðustu áratugi hafa aðgerðir stjórnvalda einkennst af tilraunum til að bregðast við samdrætti í landbúnaðarframleiðslu, of stórum skipastóli og minnkandi afla. Margt bendir til að skortur á heildarstefnumótun og langtímamarkmiðum hafi hamlað árangri á þessu sviði. Gripið hefur verið til sértækra lausna sem oft á tíðum hafa horft til skemmri tíma og einskorðast við tilteknar atvinnugreinar. Enda þótt kveðið hafi verið á um jafnréttissjónarmið í opinberri stefnumótun um langt árabil hafa þessar aðgerðir ekki tekið mið af mismunandi aðstæðum og möguleikum kvenna og karla. Í erindinu er greint frá reynslu kvenna og karla af atvinnusköpun á Vestfjörðum en reynsla kynjanna er talsvert ólík. Þótt tortryggni gæti gagnvart stjórnvaldsaðgerðum, einkum meðal kvenna, eru þær engu að síður almennt bjartsýnar og treysta á sjálfar sig þegar fyrirgreiðsla hins opinbera bregst væntingum þeirra.

**Höfundar**

Sigurbjörg K. Ásgeirsdóttir, MA í kynjafræði, Háskóli Íslands  
sigurba@hi.is

Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Háskóla Íslands  
the@hi.is, www.hi.is

## **Póroddur Bjarnason**

### **Kynbundin þróun íslenskra sjávarbyggða**

Þótt flest byggðarlög á Íslandi séu við sjávarsíðuna er skilgreining íslenskra sjávarbyggða mjög á reiki. Sum þeirra byggðarlaga sem byggðust upp í kringum veiðar og vinnslu sjávarafurða hafa þróast yfir í fjölbreytt samfélög sem hvíla á margvíslegum stöðum. Í sumum tilvikum hafa bættar samgöngur og breyttir atvinnuhættir orðið til þess að nálæg byggðarlög mynda nú fjölbreytt vinnusóknarsvæði þar sem sjávarútvegur er aðeins einn af mörgum þáttum efnahagslífsins. Í öðrum tilvikum hafa byggðarlög eflst sem miðstöðvar háþróaðs sjávarútvegs sem krefst mikilla fjárfestinga og margvíslegrar stoðþjónustu. Í allnokkrum smærri byggðarlögum eru litlar eða meðalstórar vinnslur hins vegar uppistaðan í tiltölulega fábreyttu atvinnulífi sem stafar veruleg hætta af hagræðingu og tækniþróun í sjávarútvegi. Loks er sjávarútvegur að mestu horfinn úr sumum smærri byggðarlögum sem byggðust upp í kringum veiðar og vinnslu. Á slíkum stöðum er atvinnulíf oft afar veikburða og byggir að miklu leyti á á einfaldri þjónustu, opinberum störfum, eftirlaunabegum og frístundahúsum.

Staða kynjanna er mjög mismunandi í þessum ólíku sjávarbyggðum og möguleikar á því að skapa ný tækifæri með sama hætti ólíkir. Umræða um stöðu og framtíð sjávarbyggða verður að taka tillit til möguleika ólíkra byggðarlaga til að laða til sín konur, ungt fólk og aðra íbúa með menntun og færni til að snúa vörn í sókn.

## **Höfundur**

Póroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði  
Háskólanum á Akureyri

thoroddur@unak.is  
www.unak.is